

# Sjálfbærni- og umhverfisstefna Húsaskóla 2019 – 2022



Sjálfbærni- og umhverfisstefna Húsaskóla er unnin í samræmi við stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2017 og Aðalnámsskrá grunnskóla 2011. Sjálfbærni- og umhverfisstefna Húsaskóla er hluti af skólanámsskrá og er gerð til þriggja ára í senn. Hún er uppfærð og endurskoðuð á hverju ári af starfsfólki skólans og skólaráði. Stefnan er kynnt öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sýnileg á heimasíðu skólans. Sjálfbærni- og umhverfisstefna þessi gildir frá 2019 til 2022.

Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámsskrá grunnskóla er helgaður sjálfbærni og í almenna hluta hennar er fjallað um hugtakið (bls.19). Þar segir:

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í ekki lakara ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.“

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

Húsaskóli hefur flaggað Grænfánanum frá árinu 2013. Grænfáninn er viðurkenning fyrir skóla sem standa sig vel í umhverfismálum og sjálfbærri þróun og hafa skýra umhverfisstefnu. Í skólanum er unnið að því að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfinu og skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsmanna til umhverfismála. Einnig að nemendur takist á við margvísleg álitamál í námi sínu og ágreiningsefni. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt í samfélaginu. Tryggja þarf að markmið sjálfbærnimenntunar falli vel að hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Tvinna verður saman sjálfbærnisýn og breytta kennsluhætti vegna þess að með virkri þátttöku nemenda verða gjarnan til nýjar hugmyndir og lausnir. Áhersla er lögð á að skólinn geti þannig tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag. Stefnt er að því að umhverfisfræðsla og útikennsla séu samofin skólastarfinu.

Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna, bæði vegna sjálfveldis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfélagið. Umhverfisvernd, heimsmarkmið

sameiniðupþjóðanna, loftslagsbreytingar og lífbreytileiki eru dæmi um úrlausnarefni nemenda.

Nemendur Húsaskóla sömdu umhverfissáttmála sem er svo hljóðandi:

Við í Húsaskóla viljum minnka vistspor okkar hér á jörðinni og höfum sett okkur eftirfarandi markmið:

- ✓ Við fáum reglulega fræðslu um umhverfismál og miðlum henni í nærumhverfið
- ✓ Við flokkum sorp og skilum á viðeigandi staði
- ✓ Við endurnýtum og endurvinnum hluti
- ✓ Við göngum og hjólum í skólann þegar því verður við komið
- ✓ Við spörum pappír, vatn og orku
- ✓ Við göngum snyrtilega um skólann okkar
- ✓ Við notum umhverfisvæn hreinsiefni
- ✓ Við höldum skólalóðinni hreinni og njótum náttúrunnar í kringum okkur.

Í skólanum starfar umhverfisnefnd. Hún hefur það hlutverk að vera leiðandi afl í umhverfismálum skólans. Nefndina skipa fulltrúar nemenda, stjórnenda kennara og almenns starfsfólks. Kosið er í nefndina á hverju hausti. Í nefndinni sitja:

Einn fulltrú úr hverjum árgangi og annar til vara.

Katrín Cýrusdóttir, skólastjóri

Ingibjörg Sveinsdóttir, kennari

Sigrún Helgadóttir, stuðningsfulltrúi

Áherslan mun annars vegar verða lögð á að rekstur skólans og daglegt líf innan hans verði með vistvænum hætti. Hins vegar verður kappkostað að styrkja gildismat og viðhorf nemenda og starfsfólks til verndunar náttúrunnar, lýðheilsu, umhverfisvæns lífsstíls og sjálfbærni

## Aðgerðaráætlun

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Gera nemendur meðvitaða um sjálfbærni og umhverfismál.	Umhverfismennt er hluti af skólanámskránni og unnið er markvisst að því að auka meðvitund skólasamfélagsins um sjálfbærni og umhverfisvernd.	Kennarar og skólastjórnendur	Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.

<p>Nemendur geri sér grein fyrir Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, <a href="http://www.un.is/heimsmarkmiðin">www.un.is/heimsmarkmiðin</a></p>	<p>Fræða nemendur um sjálfbærnimarkmiðin. Kennarar kynni sér heimasíðu Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt jafnrétti. Nemendur vinna verkefni í tengslum við heimsmarkmiðin.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p>
<p>Nemendur geri sér grein fyrir réttindum barna, s.s. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, <a href="http://www.barnasattmali.is">www.barnasattmali.is</a>?</p>	<p>Nemendur fá fræðslu um Barnasáttmálann og vinni verkefnavinnu út frá honum.</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p>
<p>Gera nemendur meðvitaða um hnattrænt jafnrétti.</p> <p>Gera nemendur meðvitað um misrétti í heiminum og að þeirra gjörðir geti skipt máli í því að bæta kjör og aðstæður fólks annars staðar í heiminum.</p> <p>Gera nemendum grein fyrir að það sé réttur allra jarðarbúa að grunnþarfir þeirra séu uppfylltar (matur, vatn, húsaskjól, menntun, vörn gegn sjúkdómum og ofbeldi, réttlæti og félagsskap við annað fólk.</p>	<p>Nemendur fá fræðslu um hnattrænt jafnrétti.</p> <p>Nemendur vinna verkefni er lúta að fræðslu um hnattrænt jafnrétti.</p> <p>Nemendur vinna verkefni sem snúa að réttindamálum eins og SOS barnaþorp.</p>	<p>Kennarar og skólastjórnendur</p> <p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p>

<p>Nemendur geri sér grein fyrir hvernig neysla þeirra getur haft áhrif út fyrir Ísland.</p> <p>Nemendur geri sér grein fyrir hvernig framleiðsluhættir vara er þ.e. aldur, laun og vinnuaðstöðu þeirra sem framleiddu vöruna.</p> <p>Nemendur viti hvað vistspor er, þ.e. áhrif framleiðsluferlis vara á umhverfið.</p>	<p>Verkefnavinna nemenda sem tengjast neyslu þeirra og áhrifum út fyrir landsteinana.</p> <p>Verkefnavinna sem hvetur til ábyrgari neyslu með markvissum hætti.</p> <p>Fræðsla og verkefnavinna um vistspor</p>	<p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p> <p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p> <p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p>
<p>Að nemendur geri sér grein fyrir jafnréttis- og mannréttindamálum.</p>	<p>Fræða nemendur um jafnréttis- og mannréttindamál.</p> <p>Unnið eftir jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans.</p> <p>Áherslur komi fram í námsáætlunum en sérstök áhersla er á jafnréttis- og mannréttindamál í samfélagsgreinum.</p> <p>Nemendur verði fræddir m.a. um ólíka menningu, litarhátt, trúarbrögð, lífsskoðanir, kyn og kynhneigð og hvernig þessir þættir geta haft áhrif á líf fólks.</p> <p>Kynjafræði kennd á öllum stigum.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í byrjun skólaárs. Fræðsla fer fram yfir allt skólaárið.</p>
<p>Að skólinn fræði nemendur um lýðræði.</p>	<p>Gera nemendum grein fyrir að Ísland er lýðræðisríki og að í lýðræðisríki taki</p>	<p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í byrjun skólaárs. Fræðsla fer fram yfir allt skólaárið.</p>

	<p>einstaklingarnir afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Borgararnir þurfa að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.</p>		
<p>Gera nemendur meðvitað um hvaðan orkan á Íslandi kemur.</p> <p>Gera nemendum grein fyrir mismunandi orkugjöfum.</p> <p>Gera nemendur og starfsmenn meðvitaða um að spara orku.</p>	<p>Fæða nemendur um hvaðan orkan á Íslandi kemur.</p> <p>Fræða nemendur um mismunandi orkugjafa.</p> <p>Fræða nemendur um af hverju þarf að spara orku. Nemendur og starfsmenn slökkvi ljós í öllum rýmum sem ekki er verið að nota. Slökkvi ljós ef dagsbirtan dugar. Slökkvi á raftækjum þar sem því er viðkomið.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Kennarar</p>	<p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p> <p>Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.</p>
<p>Skólinn stuðli að sparnaði á rafmagni, hita og vatni.</p>	<p>Fylgjast vel með orkunotkun í skólanum. Nota orkusparandi perur þar sem því er viðkomið. Leitast er eftir að kaupa tæki sem nýta vel orku, eru umhverfisvæn í notkun og nota vistvæn viðhaldsefni.</p>	<p>Húsvörður og skólastjóraendur</p>	<p>Alltaf</p>

	Við reynum stöðugt að fara sparlega með rafmagn, hita og vatn.	Allir starfsmenn	Alltaf
Nemendur læri um hringrás vatns.	Nemendur fá fræðslu um hringrás vatns og vinni verkefni í tengslum við hana.	Kennarar	Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.
Nemendur læri um ólík form vatns.	Nemendur gera tilraunir með vatn.	Kennarar	Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.
Nemendur og starfsmenn geri sér grein fyrir að spara þarf vatn.	Nemendur og starfsmenn fara sparlega með vatn, skrúfa fyrir krana þegar þeir eru ekki í notkun, passa upp á hitastilla á ofnum, lækka á ofnum fyrir frí í skólanum.	Allir	Alltaf
Gera nemendum grein fyrir mikilvægi og umfang vatns í okkar daglega lífi.	Nemendur fá fræðslu um mikilvægi vatns fyrir manninn, dýrin og gróður. Nemendur fá fræðslu um að ekki sé nóg vatn til allstaðar í heiminum.	Kennarar	Sett í námsáætlanir í upphafi skólaárs.
Að allt skólasamfélagið gangi vel um skólann og nánasta umhverfi hans.	Lögð er áhersla á að nánasta umhverfi nemenda, skólastofan, gangar og skólalóð,	Allir	Alltaf

	<p>myndi góðar aðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan við nám og störf.</p> <p>Nemendur, starfsmenn og allir aðilar skólasamfélagsins sýna góða umgengni um húsnæði og lóð skólans.</p>		Alltaf
Að efla flokkun á úrgangi svo sem minnst fari í almennt rusl.	<p>Lögð er áhersla á flokkun og endurnýtingu sorps. Það sem endurvinnanlegt er sendum við til endurvinnslu. Flokkunarílát eru aðgengileg og sýnileg.</p> <p>Umhverfisnefnd fer í alla bekki og rifjar upp hvernig flokka skal úrgang.</p>	<p>Allir</p> <p>Umhverfisnefnd</p>	<p>Alltaf</p> <p>Einu sinni á ári</p>
Gera nemendur meðvitaða um matarsóun.	<p>Vera með hæfilega skammtastærðir svo ekki þurfi að henda mat.</p> <p>Vigta matarúrgang á hverjum degi a.m.k. í eina til tvær viku og athuga hvort munurinn verði sjáanlegur.</p>	<p>Mötuneytisstarfsmenn</p> <p>Mötuneytisstarfsmenn og skólastjórnendur</p>	<p>Alltaf</p> <p>Tvisvar á ári í nóvember og febrúar</p>
Að draga úr pappírnotkun.	Tölvu- og upplýsingatækni er nýtt til að draga úr pappírnotkun og áhersla lögð á rafræn samskipti.	Allir	Alltaf
Skólinn leitast við að kaupa umhverfisvænar og endurnýtanlegar vörur.	Við nýtum allt eins vel og okkur er unnt og notum mjög sjaldan einnota umbúðir og plast.	Skólastjórnendur, húsvörður og ritari	Alltaf

	<p>Hreinsiefnum er skipt út fyrir umhverfisvæn, við ræstingu verði einungis notuð umhverfisvæn efni í lágmarks magni.</p> <p>Við innkaup verði miðað við að halda magni umbúða í lágmarki og að þær verði endurnýttar þar sem því verður við komið.</p> <p>Að í öllum vöruflokkum viðhalds og rekstrar verði eftir föngum valdar þær vörur sem eru vistvænar eða hafa lágmarksinnihald eiturefna.</p>		<p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p>
Skólinn leggur metnað í að draga úr mengandi útblæstri koldíoxíðs (CO2).	<p>Allir í skólanum er hvatt til að ganga eða hjóla í skólann.</p> <p>Starfsfólk er kvatt til að nýta sér samgöngusamninginn</p> <p>Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.</p> <p>Innkaup og vöruflytingar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.</p> <p>Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.</p> <p>Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa</p>	<p>Allir</p> <p>Allir starfsmenn</p> <p>Allir starfsmenn</p> <p>Skólastjórnendur, umsjónarmaður fasteigna, matráður og skrifstofustjórar</p> <p>Skólastjórnendur, umsjónarmaður fasteigna, matráður og skrifstofustjórar</p> <p>Skólastjórnendur, umsjónarmaður</p>	<p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p> <p>Alltaf</p>



	<p>verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.</p> <p>Skólinn tekur þátt í átakinu Göngum í skólann.</p>	<p>fasteigna, matráður og skrifstofustjórar</p> <p>Allir</p>	
<p>Að draga úr gróðurhúsalofttegundum með kolefnisbindingu.</p>	<p>Nemendur leggi sitt að mörkum til kolefnisbindingar með því að gróðursetja tré á vorin???</p>	<p>Skólastjórnendur og kennarar</p>	<p>Á hverju vori</p>
<p>Að sjálfsmynd og líðan nemenda í skólanum sé góð.</p>	<p>Lagðar verða fyrir kannanir sem snúa að líðan, sjálfsmynd og tengslum milli nemenda.</p> <p>Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur.</p> <p>Eineltiskönnun lögð fyrir nemendur í 4. til 10. bekk.</p>	<p>Námsráðgjafi, kennarar og skólastjórnendur.</p> <p>Skólastjórnendur</p> <p>Námsráðgjafi</p>	<p>Viðtöl við foreldra og nemendur að hausti og eftir áramót.</p> <p>Tengslakannanir lagðar fyrir tvisvar á ári.</p> <p>Annað hvert ár</p> <p>Einu sinni á ári</p>
<p>Einelti og hvers kyns ofbeldi og áreitni er ekki liðið.</p>	<p>Unnið er markvisst að því að efla jákvæð samskipti milli nemenda.</p> <p>Unnið er samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti.</p>	<p>Allt starfsfólk skólans</p>	<p>Alltaf</p>